

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskráum hitaveitna.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á auglýsingum um breytingu á gildandi gjaldskráum hitaveitna, er gilda frá og með 5. febrúar 1982:

Gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur hækki um	20%
Gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar hækki um	20%
Gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis hækkar um	14%
Gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks hækki um	13%
Gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar hækki um	12%
Gjaldskrá Hitaveitu Selfoss hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Vestmannaeyja hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Reykhólahrepps hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Hafnarhrepps hækki um	19%
Gjaldskrá Hitaveitu Brautarholts hækki um	15%
Gjaldskrá Hitaveitu Seyðisfjarðar hækki um	19%

Iðnaðarráðuneytið, 4. febrúar 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingar á gjaldskráum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66 31. maí 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskráum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða frá og með 5. febrúar 1982:

A. Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 806 13. nóv. 1981:

I) Smásala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um	19%
II) Heildsala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um	14%
III) Heimtaugagjöld í þéttbýli. Öll gjöld hækki um	19%

- B. Gjaldskrá Orkubús Vestfjarðar, fyrir raforku, nr. 791 24. nóv. 1981:
 Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um 19%
 Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, nr. 766 24. nóv. 1981:
 Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um 19%

Iðnaðarráðuneytið, 4. febrúar 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám rafveitna frá og með 5. febrúar 1982:

Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 794 24. nóv. 1981:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 19%

nema liðir A-1, A-2 og C-1, en auk þess hækki hitunarliðir D-1, D-2 og D-3 um 1 eyri/kWh.

Gjaldskrá annarra rafveitna sveitarfélaga hækki um 19%

Iðnaðarráðuneytið, 4. febrúar 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr. 800,00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 280,00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 280,00
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 280,00
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum ..	— 60,00
6. Fyrir upphöfðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 365,00
7. Fyrir fjármark	— 70,00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross ..	— 40,00
9. Fyrir innköllun	— 365,00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 145,00